

Grund

Þorleifur Jóhannesson skráði

Bærinn stendur suðvestan undir allhárri og brattri hlíð fram við árbakka.

Norðarlega á túninu eru rústir, sem heita **Hjaltalínsrústir** (1), eru þær vestan undir túbrenkkunni. Fyrir sunnan þær er lækur, sem **Hjaltalínslækur** (2) heitir. Frá Hjaltalínslæk og norður að læk, sem er fyrir norðan þinghúsið, heita **Þinghúsflatir** (3), er nokkur hluti þeirra utan túns. Á þeim hluta þeirra, sem er fyrir norðan túngirðinguna, eru tóftir, sem heita **Þinghústóftir** (4). Frá íbúðarhúsinu og upp í hlíðina heitir **Upptún** (5). Norðan til í því, upp af hlöðunni, sem er norður frá húsinu, er flöt, sem kölluð er **Langaflöt** (6). Upp og austur af íbúðarhúsinu er hóll, allhár að sunnan, er hann kallaður **Húsaþóll** (7). Ofar í hlíðinni er annar hóll, minni, hann er nefndur **Hlöðuhóll** (8). Stóð þar áður heyhlaða. Milli hóla þessara er mýrlent sund, sem **Fífusund** (9) heitir. Suður af Hlöðuhól er allstór hólballi, sem kallaður er **Stóribali** (10). Suður af íbúðarhúsinu er stór og slétt flöt, er **Gilflöt** (11) heitir. Austur og upp af henni er hólballi, sem heitir **Litlibali** (12). Efst í túninu, upp undir hlíðinni, eru fjárhústóftir, túnið umhverfis þær heitir **Gamlastykki** (13). Sunnan við Gilflöt rennur lækur, sem kallaður er **Bæjargil** (14), kemur það undan hlíðinni. Fjallshlíðin fyrir ofan bæinn og alla leið fram í dalbotn er kölluð **Grundarhlíð** (15). Á henni eru þessi örnefni: Frá **Rauðsteina[læk]** (16), sem er merkjalækur milli Grundar og Hamra, og suður að túngirðingunni eru mýrar og grasmóar. Er það svæði kallað **Gömlugrafir** (17). Túngirðingin nær allt upp í skriður. Fyrir ofan túnið eru graslautir, ofan til í hlíðarrótunum, sem eru kallaðar **Hvammar** (18); upp frá þeim er grasgeiri, sem nær hátt upp í hlíðina, heitir hann **Langigeiri** (19). Klettabeltin upp af honum eru kölluð **Manarköst** (20). Fyrir sunnan og ofan túnið er barð, sem kallað er **Kvíabarð** (21), vestan undir því eru gamlar **Kvíar** (22). Fyrir sunnan Langageira heita **Skriður** (23). Upp af Kvíabarði er stekkjarrúst, sem heitir **Stefánsstekkur** (24). Þar er og

fjárhústóft. Umhverfis rústirnar er flöt grasgefin, sem venjulega er slegin. Suður af Stefánsstekk er hvammur, sem **Litlihvammur** (25) heitir. Fyrir sunnan hann er kölluð **Heimriskriða** (26). Fyrir sunnan skriðuna er allstór grashvammur, sem **Stórihvammur** (27) heitir. Úr honum rennur lækur, sem **Engjalækur** (28) heitir. Rennur hann niður um flóann, sem er fyrir neðan hlíðina, og í tjörn, sem er suðvestur frá bænum. Suður af Stórahvammi er kölluð **Stóraskriða** (29).

Upp af Stórahvammi og Stóruskriðu eru grasflesjur tvær í klettunum, sem heita **Stóra-**(30) og **Litla-Hjarta** (31). Suður af Stóra-Hjarta er **Grænasylla** (32), er hún grasivaxin. Fyrir sunnan hana er hvolf í klettana, er **Svartahvolf** (33) heitir, suðaustur af því er hár klettadrangur, sem heitir **Svartihnúkur** (34). Austar er klettabrúnin kölluð **Einstigi** (35). Norður af því eru grasivaxin hlíðardrög efst á klettunum, sem kallaðar eru **Flysjur** (36). Hæsti hryggur fjallsins, upp undan Grundarbænum, er nefndur **Háa-Mön** (37) og klettarnir **Manarklettar** (38).

Niður undan Svartahnúk eru skriður, sem heita **Rauðaskriður** (39), niður undan þeim er allstórt barð, sem heitir **Skriðuhryggur** (40), sunnan undir honum er hvammur, sem heitir **Skjólhvammur** (41). Við hlíðarræturnar er grasbekkur, sem **Neðstibekkur** (42) heitir, suður af honum eru tvö gildrög, sem kölluð eru **Efra-** (43) og **Neðragil** (44). Hærra í hlíðinni er annar bekkur, sem kallaður er **Efribekkur** (45), er hann og grasivaxinn. Hlíðin upp af honum heitir **Einirkinn** (46). Ofan til í kinninni, upp undir brún, er hóll, sem heitir **Grashóll** (47). Suður af honum, syðst í hlíðinni (kinninni), er hvammur, sem **Fagrihvammur** (48) heitir.

Fyrir botni dalsins (Grundarbotns) eru mörg gil, eru það kallaðir **Smáfossar** (49). Fyrir vestan þá tekur við grösug hlíð, sem kölluð er **Austasta-Þverhlíð** (50) eða **Þverhlíðarkinn** (51). Fyrir austan hlíð þessa kemur djúpt hamragil frá fjallseggjum og niður að láglandi dalsins (botnsins), sem heitir **Ófæragil** (52). Fyrir vestan Ófæragil heitir **Miðhlíð** (53), fyrir vestan hana er gil, sem **Þverhlíðargil** (54) heitir. Neðst í því er lítill en fagur foss, luktur hömrum á þrjá vegu. Heitir hann **Huldufoss** (55). Fyrir vestan þetta gil er **Vestasta-Þverhlíð** (56). Upp af þessum hlíðum eru grasivaxin köst, sem **Þverhlíðarköst** (57) heita. Suður af þeim er hátt sandfjall, sem heitir **Hvítihnúkur** (58). Er það hæsti tindur fjallsins þar.

Fyrir vestan Þverhlíðarnar tekur við mikið gil, sem heitir **Gljúfragil** (59). Fyrir vestan gilið taka við grashvammur, heita þeir einu nafni **Sneiðingar** (60). Frá Gljúfragili og vestur að Grundará er lágfjallið einu nafni kallað **Grundarfjall** (61); skagar það nokkuð fram. Á því eru þessi örnefni: Fyrir vestan Sneiðingana er gil, sem heitir **Sneiðingagil** (62). Fyrir sunnan gilið er brekka í Sneiðingunum, sem **Urðarbrekka** (63) heitir. Þar á brúninni er allstór hamraborg, sem **Urðarborg** (64) heitir. Fyrir norðan (eða öllu heldur vestan) og að Grundarrétt er kallað **Vesturhlíð** (65). Skammt suður frá réttinni er stór hóll í hlíðinni, heitir hann **Réttarhóll** (66). Upp af réttinni hefur hlíðin ekki sérstakt nafn. Vestur af henni er fjallsmúllinn kallaður **Grundarrani** (67). Frá Grundarrana og vestur að **Grundarfossi** (68), sem er allhár foss, þar sem **Grundará** (69) fellur niður af fjallinu, heitir hlíðin **Fossahlíð** (70). Upp yfir hlíðinni er samfelld klettabrún. Austasta hornið á henni yfir Grundarrana er kallað **Kastið** (71). Austan til við miðja klettana er einstigi, sem heitir **Fossahlíðargangur** (72). Vestur eftir klettunum ganga grasivaxnar syllur, sem **Hrútasyllur** (73) heita. Neðst í Fossahlíðinni eru allstórar grasivaxnar bungur, sem heita **Bingir** (74), í þeim vestan til er lítið dý, sem **Blesadý** (75) heitir. Vestarlega í hlíðinni er grashvammur, sem **Burknahvammur** (76) heitir. Um miðja hlíðina er annar hvammur, er **Urðarhvammur** (77) heitir.

Uppi á brúninni er flói, sem **Vatnsborgarflói** (78) heitir. Nær hann vestan frá Grundará og kringum stóra og háa borg, sem **Vatnsborg** (79) heitir, og alla leið austur undir Sneiðinga. Uppi á Vatnsborg er tjörn, sem **Vatnsborgartjörn** (80) heitir. Austan til í borginni er djúpur hvammur, sem **Vatnshvammur** (81) heitir. Nokkru vestar er önnur tjörn, sem heitir **Seftjörn** (82). Uppi á vesturtagli borgarinnar er flói, sem kallaður er **Efri-Vatnsborgarflói** (83).

Upp af Sneiðingum, en fyrir sunnan Vatnsborg er dalur, sem kallaður er **Mjóidalur** (84), er hann grasivaxinn. Á syðri brún Mjóadals, austast, austur undir Gljúfragili, er stór klettaborg sem **Hrútaborg** (85) heitir, vestur af henni er **Hrútaborgarhryggur** (86). Fyrir botni Mjóadals er há borg, sem heitir **Botnssúla** (87). Upp af Hrútaborg, nokkru hærra í fjallinu, er allstór hóll, að nokkru grasivaxinn, heitir hann **Sigurðarborg** (88). Suður af honum koma sandhryggir, sem heita **Köstin** (89), ná þau upp að hlíðardrögum Hvítahnúks. Upp af Efri-Vatnsborgarflóa er hæðahryggur, myndar hann **Hróksdal** (90), að austan, sunnan til í þessum hrygg er grashvammur, heitir

hann **Sólhvammur** (91), suður af honum heitir **Hróksdalshlíð** (92) eystri. Suður af Hróksdal eru kölluð **Hróksdalsdrög** (93).

Suður af Köstunum eru sléttir sandar suður að hrygg, sem kallaður er **Urðarhryggur** (94), fyrir vestan hann kemur á, sem fellur í **Hróksdalsbotn** (95), eru það upptök Grundarár, og eru þar landamerki milli Grundar og Kvernár.

Láglendið upp af **Grundarkampi** (96), en svo er nefndur allhár malarkampur fyrir botni Grundarfjarðar, er kallaður **Grundarbotn** (97); er það langur og breiður dalur, sléttur og mishæðalaus og allur grasivaxinn, en mýrlendur; um hann rennur Grundará í mörgum kvíslum, eftir að hún kemur niður á láglendið, en fellur saman aftur er kemur niður að kampinum og fellur austur með honum. Þar sem áin fellur til sjávar fyrir austan kampinn, heitir **Grundarós** (98). Meðfram Grundarbænum að vestan rennur á, sem kölluð er **Kvíslin** (99). Kemur hún úr tjörn, sem er fyrir sunnan og utan bæinn, og nokkrum síkjum, fellur hún í Grundará á móts við þinghúsið. Milli Kvíslarinnar og Grundarár er tunga, sem er allbreið að ofan, er hún kölluð **Grundarhali** (100). Á honum eru allmiklar byggingaleifar, bæði húsatóftir og túngarður. Austasta síkið í Grundarbotni heitir **Brandsmóalækur** (101), rennur það undan **Brandsmóum** (102), sem eru grasmóar austan til á miðjum botninum. Fyrir austan Brandsmóa, en fyrir sunnan Stóruskriðu eru þurrar grundir, sem heita **Grænugrundir** (103), vestur af þeim en fyrir sunnan Brandsmóa heita **Skothúsflatir** (104), vestur af þeim taka fyrst við malareyrar, sem kallaðar eru **Skriður** (105), en vestur af þeim niður undan Grundarrana heita **Ranagrundir** (106) og ná þær vestur að síki, er **Fossahlíðarsíki** (107) heitir. Niður undan Fossahlíð er flói, sem heitir **Grænastykki** (108). Í þeim flóa er stórt dý, sem heitir **Grænady** (109). Fyrir neðan Grænastykki er engi, sem kallað er **Árengi** (110), er það vestur við Grundará og fyrir austan það er kallað **Tuttuguálnaengi** (111). Austur og upp af því eru kölluð **Ormsengi** (112) og **Garðshornsengi** (113), en um merki milli þessara engjahluta er nú ekki kunnugt.

Stafrófsskrá örnefna

Austasta-Þverhlíð 50=51	Hjaltalínsrústir 1
Árengr 110	Hjarta, Litla- 31
Bingir 74	Hjarta, Stóra- 30
Blesadý 75	Hlöðuhóll 8
Botnssúla 87	Hrókdalsbotn 95
Brandsmóalækur 101	Hróksdalsdrög 93
Brandsmóar 102	Hróksdalshlíð 92
Burknahvammur 76	Hróksdalur 90
Bæjargil 14	Hrútaborg 85
Efragil 43	Hrútaborgarhryggur 86
Efribekkur 45	Hrútasyllur 73
Efri-Vatnsborgarflói 83	Huldufoss 55
Einirkinn 46	Húsahóll 7
Einstigi 35	Hvamar 18
Engjalækur 28	Hvítihnúkur 58
Fagrihvammur 48	Kast(ið) 71
Fífusund 9	Kvíabarð 21
Flysjur 36	Kvíar 22
Fossahlíð 70	Kvísl(in) 99
Fossahlíðargangur 72	Köst(in) 89
Fossahlíðarsíki 107	Langaflöt 6
Gamlastykki 13	Langigeiri 19
Garðhornsenngi 113	Litla-Hjarta 31
Gilflöt 11	Litlibali 12
Gljúfragil 59	Litlihvammur 25
Grashóll 47	Manarklettur 38
Grundará 69	Manarköst 20
Grundarbotn 97	Miðhlíð 53
Grundarfjall 61	Mjóidalur 84
Grundarfoss 68	Mön, Háa- 37
Grundarhali 100	Neðragil 44
Grundarhlíð 15	Neðstibekkur 42
Grundarkampur 96	Ormsengi 112
Grundarós 98	Ófæragil 52
Grundarrani 67	Ranagrundir 106
Grænadý 109	Rauðaskriður 39
Grænastykki 108	Rauðsteinalækur 16
Grænasylla 32	Réttarhóll 66
Grænugrundir 103	Seftjörn 82
Gömlugrafir 17	Sigurðarborg 88
Háa-Mön 37	Skjólhvammur 41
Heimriskriða 26	Skothúsflatir 104
Hjaltalínslækur 2	Skriðuhryggur 40

Skriður 105
Skriður 23
Smáfossar 49
Sneiðingagil 62
Sneiðingar 60
Sólhvammur 91
Stefánsstekkur 24
Stóra-Hjarta 30
Stóraskriða 29
Stóribali 10
Stórihvammur 27
Svartahvolf 33
Svartihnúkur 34
Tuttuguálnaengi 111
Upptún 5
Urðarborg 64
Urðarbrekka 63
Urðarhryggur 94
Urðarhvammur 77
Vatnsborg 79
Vatnsborgarflói 78
Vatnsborgarflói, Efri- 83
Vatnsborgartjörn 80
Vatnshvammur 81
Vestasta-Þverhlíð 56
Vesturhlíð 65
Þinghúsflatir 3
Þinghústóftir 4
Þverhlíð, Austasta- 50=51
Þverhlíð, Vestasta- 56
Þverhlíðargil 54
Þverhlíðarkinn 51=50
Þverhlíðarköst 57